



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Kópavogsbær
Smári Smáráson,
arkitekt
Fannborg 2
200 Kópavogur

Reykjavík, 22. maí 2008
Tilvísun: UST20080300132/ksj

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins Vatnsendahlíð, veruleg breyting á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Kópavogsbæjar er barst Umhverfisstofnun 28. mars sl. þar sem óskað er umsagnar á tillögu að verulegri breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024.

Tillaga um verulega breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024 felur í sér að landnotkun í Vatnsendahlíð verði breytt, þar sem áður var gert ráð fyrir óbyggðu svæði á 49 hektara svæði er áætlað að komi byggð með 740 íbúðum fyrir u.þ.b. 2300 manns og alls 15000 fermetrar atvinnuhúsnæðis á þriggja hektara svæði.

Breytingarnar sem verða eru: 1) Byggðasvæði 16 (Kópavogur austur) stækkar til suðurs yfir svæði sem í svæðisskipulagi er skilgreint sem opið óbyggt svæði, að hluta fjarsvæði vatnsverndar og að hluta til innan Græna trefilsins. 2) Á byggðasvæði 16 er lagt til að afmarkaðir verði nýjir byggðareitir. 3) Ytri mörk „Græna trefilsins“ færast til vesturs til samræmis við nýjan byggðareit en á móti er svæði bætt við „Græna trefilinn“ austan við Rjúpnahæð. 4) Tillaga er gerð að breytingum á töflum 3.1 og 3.2 í svæðisskipulaginu um fjölda íbúða og stærð atvinnuhúsnæðis.


Ofangreindar breytingar hafa í för með sér breytingu á „Græna treflinum“ svo kallaða, en ekki kemur fram hversu stórar þessar breytingar eru í hekturum, en í greinargerð með svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024 er mikilvægi græna trefilsins undirstrikað og þar segir: „Með aukinni byggð og auknum þéttleika byggðar á höfuðborgarsvæðinu eykst þörf fyrir stærri frístundasvæði í jaðri byggðar. Með hliðsjón af þessu er eitt af höfuðmarkmiðum svæðisskipulagsins er að varðveita og endurbæta „Græna trefilinn““. Í umhverfisskýrslu er fylgir erindinu kemur fram að „Stefnumörkun um uppbyggingu í Vatnsendahlíð samræmist ekki fyllilega markmiðum um þéttingu byggðar og varðveislu

grænna svæða í útjaðri höfuðborgar-svæðisins.“ Umhverfisstofnun telur ljóst að þar með fylgir stefnumörkun um uppbyggingu í Vatnsendahlíð ekki fyllilega einu af höfuðmarkmiðum svæðisskipulagsins.

Umhverfisstofnun vísar að öðru leyti í umsögn stofnunarinnar um sama efni frá 12. nóvember 2007.

Beðist er velvirðingar á hversu langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri

Afrit Skipulagsstofnun